

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Mál nr. 10/2010-2011

Kærandi: Ragnar Önundarson.

Kærðu: Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóss og Helgi Seljan, fréttamaður Kastljóss.

Kæruefni: Umfjöllun í Kastljósi í RÚV um svonefnt „kortasamráðsmál“, í september 2009, 10. mars 2011 og 22. mars 2011.

Málsmeðferð:

Kæra barst siðanefnd með bréfum, dags. 18. mars 2011 og 28. mars 2011. Kærandi lagði fram útskrift af Kastljósspætti á geisladiski. Málið var tekið fyrir á fundi 29. mars 2011 og ákveðið að óska eftir greinargerðum frá kærðu. Með tölvupósti, dags. 31. mars, kröfðust kærðu þess að siðarnefndarmennirnir Hjörtur Gíslason og Jóhannes Tómasson vikju sæti við meðferð málsins. Greinargerðir bárust frá báðum kærðu 10. apríl 2011. Málið var aftur tekið fyrir á fundi siðanefndar 19. apríl 2011 og 31. maí 2011.

Málavextir:

Í janúar 2008 gerðu tvö stærstu greiðslukortafyrirtæki landsins sátt við samkeppnisyfirvöld vegna ólöglegs samráðs á markaði og féllust á að greiða háar upphæðir í sekt. Kærandi var framkvæmdastjóri annars fyrirtækjanna á þeim tíma sem hið ólöglega samráð var talið hafa átt sér stað. Hann naut þó ekki aðilastöðu í málinu hjá samkeppnisyfirvöldum. Sáttargjörðin vakti almenna athygli og var töluvert um hana fjallað opinberlega á þeim tíma. Í september 2009 fjallaði kærði, Helgi Seljan, um kæranda í Kastljósi, vegna umfjöllunar um nýjan meirihluta í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna þar sem kærandi var nafngreindur og tengdur við kortasamráðsmálið. Hinn 10. mars 2011 fjallaði kærði, Helgi Seljan, í Kastljósi um kortasamráðsmálið og meintan þátt kæranda í því enda komnar fram nýjar upplýsingar um það.

Kæra kæranda, dags. 18. mars 2011, lýtur að þessum umfjöllunum. Umkvörtunarefnið er að í hvorugt skiptið hafi kæranda verið boðið að koma í þáttinn og telur kærandi að það hafi verið ámælisvert „í ljósi þess að brotið er tvítekið“, eins og segir í kærubréfinu. Þá telur kærandi hugsanlegt að fréttamaðurinn hafi brotið gegn fjórum fyrstu greinum siðareglanna. Telur kærandi að fréttamanni Kastljóss hafi borið að veita kæranda aðkomu að málinu strax á upphafsstigi og að á því hafi orðið misbrestur af ásetningi. Fyrir liggur að fréttamaður hafði ekki samband við kæranda vegna hinnar fyrri umfjöllunar en formaður stjórnar lífeyrissjóðsins svaraði fyrir hana og færði m.a. fram skýringar kæranda á þætti hans í kortasamráðsmálinu. Ágreiningur er með kæranda og kærða um það hvort kærða hafi verið

gefinn kostur á því að koma fram í Kastljósþættinum 18. mars 2011, þó er ljóst að fréttamaður hafði samband við kæranda áður en þátturinn var sýndur og bar undir hann efnisatriði. Í lok þáttarins voru síðan þeim sjónarmiðum kæranda, að hann hefði ekki verið aðili málsins og að hið raunverulega samkeppnisbrot hafi verið misnotkun sameiginlegra markaðsyfirráða, gerð sérstök skil.

Viðaukakæra kæranda, dags. 28. mars 2011 lýtur að Kastljósþætti 22. mars 2011, þar sem kærandi var í viðtali hjá ritstjóra Kastljóssins, Sigvari Guðmundssyni, í beinni útsendingu vegna málsins. Í viðaukakærurni eru fyrri fyrri umkvörtunarefni ítrekuð og þau nánar skýrð þannig:

„Minnt skal á að gert var samkomulag „sátt“, milli Samkeppniseftirlitsins og stjórnar Kreditkort hf., en málinu lauk ekki með (einhliða) úrskurði. Sæst var á að lögpersónan Kreditkort hf. hefði gerst sek um ólögmætt samráð. Fyrir liggur að ég fékk ekki notið andmælaréttar þar sem ég var ekki talinn málsaðili og að stofnunin rækti ekki rannsóknarskyldu sína skv. stjórnarsýslulögum er hún neitaði mér um að gefa skýrslu mína. Er málið af þeirri ástæðu vanupplýst. Ég hef m.ö.o. hvorki verið fundinn sekur um nein brot né játað slík brot. Ég átti stjórnarskrárvarinn rétt til að leggja mál mitt fyrir óháðan dómstól, en með því að stofnunin lauk málinu með sátt skv. 17. gr. samkeppnislaga var málinu endanlega lokið. Mér var ekki kleift að skjóta málinu til Úrskurðarnefndar, þar sem ég átti ekki aðild að því. Ritstjóri Kastljóss fór ítrekað með rangt mál um þessi atriði og fleiri, um leið og hann fór offari gegn mér í þættinum.“

Kærandi sundurliðar kæruefni vegna viðtalsins nánar þannig að kærði, Sigmar Guðmundsson, hafi þar 1) mörgum sinnum haldið því fram að kærandi væri sekur um alvarlega hluti og beri ábyrgð á grófum og alvarlegum samráðsbrotum, 2) að kærði, Sigmar Guðmundsson, hafi ekki verið vel undirbúinn og hafi ekki gert greinarmun á einhliða úrskurði og sátt og 3) að kærði, Sigmar Guðmundsson, hafi margendurtekið ranga fullyrðingu um að kærandi hafi átt áfrýjunarrétt. Þá kvartar kærandi yfir því, að kærði, Sigmar Guðmundsson, hafi ótal sinnum gripið fram í fyrir kæranda og og með því ásamt röngum fullyrðingum náð þannig að veikja málsvörn hans. Telur kærandi að þessi samtaltækni kærða, Sigmars Guðmundssonar, sé ekki sæmandi fréttamanni og telur hann hafa brotið gegn 1. gr. siðareglanna í þessu sambandi.

Umfjöllun:

Kröfu sína um að Hjörtur Gíslason og Jóhannes Tómasson víki sæti við meðferð málsins byggja kærðu á því að Hjörtur og Jóhannes hafi báðir setið í nefndinni þegar mál nr. 1/2007-2008 var til meðferðar sem varðaði einn starfsmanna Kastljóss. Á úrskurði í málinu hafi verið þvílíkir annmarkar og úrskurðurinn hafi verið svo úr takt við fyrri niðurstöður nefndarinnar að kærðu telja að draga verði í efa hlutleysi og hæfi umræddra einstaklinga til að fjalla um kærðu gegn þeim á nýjan leik.

Umræddir nefndarmenn hafa fengið endurnýjað umboð sitt til setu í síðanefnd á aðalfundum BÍ eftir að fyrrnefndur úrskurður gekk. Fyrri úrlausnir síðarnefndarmanna valda ekki vanhæfi þeirra í nýju kærú máli á hendur sama blaðamanni. Ekki hafa verið færð efnisleg rök fyrir því að draga megi hlutleysi greindra nefndarmanna með réttu í efa við meðferð málsins. Verður því ekki fallist á kröfu kærðu um að þeir víki sæti.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. siðareglna BÍ getur hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið siðareglurnar og á hagsmuna að gæta kært brotið til síðanefndar innan tveggja mánaða frá birtingu. Kæra vegna umfjöllunar um svokallað „kortasamráðsmál“ í Kastljósi í september

2009 barst siðanefnd frá kæranda 18. mars 2011. Var þá kærufrestur löngu úti. Kæru vegna þessarar umfjöllunar er því vísað frá.

Kærði, Helgi Seljan, krefst frávísunar á kærum er varða umfjöllun hans, á þeim grundvelli að málið heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar en auk þess hafi kærandi ekki komið neinum athugasemdum á framfæri og hann hafi þegar komið í viðtal í þáttinn vegna málsins. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. siðareglna BÍ getur hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið reglurnar og á hagsmuna að gæta kært mál til siðanefndar. Ekki er frávísunarkrafan sérstaklega rökstudd um það hvers vegna málið heyri ekki undir starfssvið siðanefndar. Siðanefnd telur að leiðréttingarkröfu 1. mgr. 6. gr. siðareglanna sé fullnægt í málinu, varðandi umfjöllun í Kastljósi 10. mars, með kvörtun kæranda og því að honum gafst kostur á því að koma fram á sama vettvangi. Siðanefnd telur að rétt sé að beita niðurlagsákvæði 1. mgr. 6. gr. varðandi umfjöllun í Kastljósi 22. mars, og víkja frá leiðréttingarkröfunni enda fór þar fram viðtal við kæranda sjálfan. Siðanefnd fellst því ekki á frávísun á kæru á hendur kærða, Helga Seljan.

Það er álit siðanefndar að kærða, Helga Seljan, hafi ekki borið skylda til að bjóða kæranda að koma til viðtals í Kastljóspættinum 10. mars 2011. Engu skiptir í því efni þótt áður hafi verið fjallað um málið á sama vettvangi. Siðanefnd telur því að ágreiningur kæranda og kærða, Helga Seljan, um hvort kæranda hafi verið boðið að koma í þáttinn 10. mars 2011 eða ekki, skipti ekki máli við úrlausn fyrir nefndinni. Fyrir liggur að í niðurlagi þáttarins var skýrt frá því að kærandi teldi kortasamráðsmálið vera sér óviðkomandi þar sem hann hafi ekki haft aðilastöðu við meðferð samkeppnisyfirvalda. Kærði, Helgi Seljan, gætti því að því grundvallaratriði að bera málið undir kæranda og koma viðbrögðum hans á framfæri. Umfjöllun um kortasamráðsmálið í Kastljósi hinn 10. mars 2011 var á grundvelli nýrra gagna sem komið höfðu fram. Málefnið átti því erindi til almennings og telur siðanefnd að kærandi hafi ekki sýnt fram á að kærði, Helgi Seljan, hafi haft ásetning til að valda honum mannorðshnekki. Kærandi verður að hlíta því að um hann sé persónulega fjallað í tengslum við málið enda gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra annars félagsins og alþekkt er að með stjórn hlutafélaga fara framkvæmdastjóri og félagsstjórn sameiginlega, sbr. 1. mgr. 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Það er því álit siðanefndar að kærði, Helgi Seljan, hafi ekki brotið gegn siðareglum við umfjöllun um svonefnt kortasamráðsmál í Kastljóspætti 10. mars 2011.

Kærandi tók sjálfviljugur þátt í viðtali við kærða, Sigmar Guðmundsson, í beinni útsendingu Kastljóspáttar 22. mars 2011. Í slíkum viðtalsþætti á viðmælandi blaðamanns enga kröfu til að stýra umræðunni. Einstök ummæli blaðamanns og almenn framkoma hans, eins og t.d. að hann grípi fram í fyrir viðmælandanum, verður að skoða í því ljósi að um beina útsendingu er að ræða. Ljóst er að slíkum viðtölum er markaður stuttur tími og það er blaðamaðurinn sem stjórnar. Að framan hefur siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi, í ljósi stöðu sinnar hjá öðru kortafyrirtækjanna sem gengust undir sátt við samkeppnisyfirvöld vegna ólöglegs samráðs, orðið að sæta því að um hann væri fjallað í Kastljósinu 10. mars 2011. Viðtal við kærða í þættinum 22. mars 2011 verður að skoða í því samhengi. Í viðtalinu kemur berlega fram að kærði, Sigmar Guðmundsson, er ekki sammála skýringum kæranda á því að málið hafi verið honum óviðkomandi. Siðanefnd tekur ekki afstöðu til þess ágreinings en telur aftur á móti að kærði, Sigmar Guðmundsson, hafi mátt lýsa skoðunum sínum um það atriði í viðtalinu. Að mati siðanefndar hefur hann því ekki gerst brotlegur við siðareglur í greindum viðtalsþætti 22. mars 2011.

Úrskurður:

Siðanefndarmennirnir Hjörtur Gíslason og Jóhannes Tómasson víkja ekki sæti við meðferð málsins.


Kæru vegna umfjöllunar um svonefnt „kortasamráðsmál“ í Kastljósi í september 2009 er vísað frá.

Hafnað er kröfu kærðu um frávísun á kæru vegna umfjöllunar í Kastljósi RÚV um svonefnt „kortasamráðsmál“ 10. mars 2011.


Kærði, Helgi Seljan, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum við umfjöllun um svonefnt „kortasamráðsmál“ í Kastljósi 10. mars 2011.

Kærði, Sigmar Guðmundsson, telst ekki hafa brotið gegn siðareglum við umfjöllun um svonefnt „kortasamráðsmál“ í Kastljósi 22. mars 2011.

Reykjavík, 31. maí 2011.




Hjörtur Gíslason




Asgeir Þór Arnason



Björn Vignir Sigurpálsson



Jóhannes Tómasson



Valgerður Anna Jóhannsdóttir